

Hr. Skipulagsfulltrúi
Kristinn Pálsson

19. janúar 2023

Breytingartillaga vegna tillögu um staðföng frístundahúsa við norðanvert Hafravatn
Málsnr. 202206160/LG

Góðan dag,

Við viljum byrja á að fagna þessum þörfu tillögum og þakka fyrir þær. Við gerum hér **tvær breytingartillögur og styðjum þá þriðju.**

Fyrirhugað er að frístundahús okkar muni framvegis vera kennt við eyðibýlið Óskot. Í okkar tilfelli Óskotsvegur 19. Nærtækara og meira lýsandi fyrir aðstæður, staðsetningu og landareignir okkar og næstu nágranna væri að kenna húsin, sem standa við norðanvert Hafravatn og áður tilheyrðu Úlfarsfelli, við nafnið Hafrabyggð. Allmargar götur í Mosfellsbæ eru kenndar við „byggð“. Má t.d. nefna Reykjabyggð, Krókabyggð og ýmsar byggðir kenndar við trjátegundir. **Við leggjum því til að vegurinn í gegnum frístundabyggðina frá Hafravatnsvegi að brúnni við útfall Hafravatns í Úlfarsá verði nefndur Hafrabyggð.**

Við gerum okkur ljóst að margir eigendur/umráðamenn frístundahúsa, sem áður tilheyrðu jörðinni Óskoti, vilja gjarnan kenna hús sín við það nafn. **Við leggjum því til að nafnið Óskotsvegur taki við sunnan brúarinnar við útfallið úr Hafravatni.**

Við yrðum mjög ánægð að eiga frístundahús í Hafrabyggð 19 og leggjum til að staðfang lóðar okkar verði breytt þannig.

Auk þess styðjum við eindregið tillögu Björns Ragnarssonar að í stað Hafravatnsvegar 12,14,16 og 18 fái þau hús, sem standa sín hvoru megin við Uxalæk staðföngin Uxalækur 2, 3, 5 og 1.

Með kveðju,

Ingibjörg Norðdahl
Daníel Þórarinsson
Lnr. 125503